



Borgarráð

Hólmsheiði - afturköllun lóðarvilyrðis - Síminn

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að afturkalla lóðarvilyrði og tímabundið lóðarvilyrði til handa Símanum hf. kt. 460207-0880, Ármúla 25, 108 Reykjavík, fyrir lóð við Hólmsheiði undir rekstur gagnavers.

Greinagerð:

Borgarráð samþykkti þann 30 mars 2017 að veita Símanum lóðarvilyrði og tímabundið lóðarvilyrði fyrir lóðir undir gagnaver á nýju athafnasvæði við Hólmsheiði. Um var að ræða tvö vilyrði:

1. Hefðbundið lóðarvilyrði fyrir byggingu á allt að 8.000 fermetra gagnaveri. Hægt væri að kalla eftir úthlutun lóðarinnar þegar deiliskipulag hefur verið samþykkt.
2. Tímabundið vilyrði (option) fyrir allt að 10.000 fermetra gagnaveri gegn greiðslu. Þetta vilyrði gæti mest gilt í sex (6) ár.

Nýtt deiliskipulag á Hólmsheiði var auglýst í B-deild stjórnartíðinda þann 17. september 2019. Í kjölfar samþykktar deiliskipulags var haft samband við forsvarsmenn Símans og þeim boðið að óska eftir úthlutun lóðar samkvæmt lóðarvilyrðinu. Síminn tjáði í kjölfarið borginni frá því að félagið hefði ákveðið að falla frá fyrirhugðum áætlunum um byggingu gagnavers á Hólmsheiði.

Í ljósi þess er því óskað eftir því að lóðarvilyrðin verði dregin til baka.

Virðingarfyllst

Óli Jón Hertervig